

GJALDSKRÁ fyrir hunda- og kattahald í Snæfellsbæ árið 2013.

1. gr.

Hunda- og kattaeigaendur í Snæfellsbæ, skulu greiða leyfisgjald skv. tölulið 3 í 1. gr. og 14. gr. samþykktar um hunda- og kattahald nr. 757/2007.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund, sbr. tölulið 3 í 1. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 17.200 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplaða á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sbr. 14. gr. samþykktar nr. 757/2007 skal vera kr. 6.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplaða á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. apríl og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda, sbr. tölulið 3 í 1. gr. samþykktar nr. 757/2007, skal vera kr. 20.000. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera kr. 8.800 fyrir 1. skipti, kr. 12.000 fyrir 2. skipti og kr. 15.000 fyrir 3. skipti.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eiganda sínum fyrr en að lokinni skráningu.

Ef til aflífunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útagðan aflífunarkostnað.

4. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af bæjarstjórn Snæfellsbæjar 27. nóvember 2012.

Snæfellsbæ, 27. nóvember 2012.

Kristinn Jónasson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2012